

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2025/2575****2026/EES/36/22****frá 18. desember 2025****um að taka tiltekin fóduraukefni af markaði (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fódur ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Einkum er í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar kveðið á um reglur um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾.
- 2) Með 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er lögð sú skylda á framkvæmdastjórnina að hún samþykki reglugerð þar sem þess er krafist að fóduraukefni sem engar umsóknir, eins og krafist er með 2. og 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, voru lagðar fram fyrir innan frestsins sem kveðið er á um í þeim ákvæðum eða þar sem umsókn var lögð fram en síðar dregin til baka verði tekin af markaði.
- 3) Til samræmis við það ætti að taka fóduraukefnin sem eru tilgreind í viðaukanum af markaði. Þar eð ekki er gerður greinarmunur í 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 milli leyfa sem eru gefin út með tímamörkum og leyfa sem eru án tímamarka þykir rétt, fyrir skýrleika sakir, að kveða á um að taka fóduraukefni af markaði ef takmarkaður leyfistími þeirra samkvæmt tilskipun 70/524/EBE hefur þegar runnið út.
- 4) Ef um er að ræða fóduraukefni sem umsóknir hafa eingöngu verið lagðar fram fyrir að því er varðar tilteknar dýrategundir eða -flokka, eða þar sem umsóknir hafa eingöngu verið dregnar til baka að því er varðar tilteknar dýrategundir eða -flokka, ætti takan af markaði einungis að varða dýrategundir og -flokka sem engin umsókn hefur verið lögð fram fyrir eða sem umsóknin hefur verið dregin til baka fyrir.
- 5) Í kjölfar töku viðkomandi fóduraukefna af markaði er rétt að breyta og fella úr gildi ákvæðin þar sem þau eru leyfð ef slík ákvæði eru enn í gildi. Því ætti að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2005 ⁽³⁾ til samræmis við það. Auk þess ætti að fella reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 316/2003 ⁽⁴⁾, (EB) nr. 1811/2005 ⁽⁵⁾ og (EB) nr. 1876/2006 ⁽⁶⁾ úr gildi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/2575, 19.12.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2026 frá 30. apríl 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(2) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri (Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1), ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj>.

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2005 frá 2. mars 2005 um ótímabundið leyfi fyrir tilteknum aukefnum og leyfi fyrir nýrri notkun aukefna sem þegar er leyft að nota í fódur (Stjtið. ESB L 57, 3.3.2005, bls. 3, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2005/358/oj>).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 316/2003 frá 19. febrúar 2003 um varanlegt leyfi fyrir aukefni í fódri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fódur (Stjtið. ESB L 46, 20.2.2003, bls. 15, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/316/oj>).

(5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1811/2005 frá 4. nóvember 2005 um bráðabirgðaleyfi og varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fódri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun tiltekns aukefnis sem þegar er leyft að nota í fódur (Stjtið. ESB L 291, 5.11.2005, bls. 12, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2005/1811/oj>).

(6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1876/2006 frá 18. desember 2006 um bráðabirgðaleyfi og varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fódri (Stjtið. ESB L 360, 19.12.2006, bls. 126, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2006/1876/oj>).

- 6) Að því er varðar fóðurukefni sem voru leyfð án tímamarka þykir rétt að gera ráð fyrir umbreytingartímabili þar sem nota má fyrirbyggjandi birgðir af aukefnum sem um er að ræða, forblöndum, fódurblöndum og fódurefnum sem hafa verið framleidd með þessum aukefnum þar til þær eru uppnar að því er varðar þær dýrategundir og -flokka þar sem töku af markaði er krafist, til að gera hagsmunaaðilum kleift að laga sig að skyldunni að taka þessar vörur af markaði.
- 7) Taka vara sem eru skráðar í viðaukann af markaði kemur ekki í veg fyrir að þær verði leyfðar eða falli undir ráðstöfun varðandi stöðu þeirra í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Taka af markaði

Fóðurukefnin sem eru tilgreind í viðaukanum skulu tekin af markaði að því er varðar þær dýrategundir og -flokka sem eru tilgreind í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 358/2005

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 358/2005 fellur færsla 28 um 3-fýtasa EC 3.1.3.8 brott.

3. gr.

Niðurfelling

Reglugerðir (EB) nr. 316/2003, (EB) nr. 1811/2005 og (EB) nr. 1876/2006 eru felldar úr gildi.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fyrirliggjandi birgðir af fóðurukefnunum sem eru tilgreind í kafla I.A. í viðaukanum má áfram setja á markað og nota til 8. janúar 2027.
2. Forblöndur, sem eru framleiddar með fóðurukefnunum sem um getur í 1. mgr., má áfram setja á markað og nota fram til 8. apríl 2027.
3. Fódurblöndur og fódurefni, sem eru framleidd með fóðurukefnunum sem um getur í 1. mgr. eða með forblöndunum sem um getur í 2. mgr., má áfram setja á markað og nota fram til 8. janúar 2028.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

—

VIÐAUKI

Fóðuraufefni sem skal taka af markaði eins og um getur í 1. gr.

KAFLI I.A.

Fóðuraufefni sem voru leyfð án tímamarka

1. HLUTI

Fóðuraufefni sem skal taka af markaði að því er varðar allar dýrategundir og -flokk

Auðkennisnúmer	Aufefni	Dýrategund eða -flokkur
Votfóðursaufefni		
Ensím		
	Sellúlasí EC 3.2.1.4 úr <i>Trichoderma longibrachiatum</i> ATCC 74252 (= endó-1,4-beta-glúkanasí úr <i>Trichoderma reesei</i> ATCC SD-6331)	Allar tegundir
Bragðefni og lystaukandi efni		
Náttúruleg efni — grasafraeðilega skilgreind		
	<i>Allium cepa</i> L.: Laukur, hreinn, CoE-nr. 24/laukútráttur, CoE-nr. 24	Allar tegundir
	<i>Anthemis nobilis</i> L.: Tinktúra úr blómum af kryddbaldursbrá, CoE-nr. 48	Allar tegundir
	<i>Apium graveolens</i> L.: Sellerítinktúra, CoE-nr. 52	Allar tegundir
	<i>Artemisia annua</i> L.: Útráttur (að stofni til úr leysi) úr sumarmalurt	Allar tegundir
	<i>Artemisia dracunculus</i> L.: Fáfnisgrassolía, CAS-nr. 8016-88-4, FEMA-nr. 3043, CoE-nr. 64, Einecs-nr. 290-356-5	Allar tegundir
	<i>Artemisia vulgaris</i> L.: Búrótarolía, CAS-nr. 8008-93-3, CoE-nr. 72, Einecs-nr. 284-503-2	Allar tegundir
	<i>Berberis vulgaris</i> L.: Roðaberjakjarni, CoE-nr. 86/roðaberjatinktúra CoE-nr. 86	Allar tegundir
	<i>Chamomilla recutita</i> (L.) Rauschert.: Olía úr blómum af kryddbaldursbrá, CAS-nr. 8022-66-2, FEMA-nr. 2273, CoE-nr. 273, Einecs-nr. 282-006-5	Allar tegundir
	<i>Citrus aurantiifolia</i> (Christm.) Swingle: Útdregin súraldinolía, CAS-nr. 8008-26-2, FEMA nr. 2631, CoE-nr. 14, Einecs-nr. 290-010-3/útdregin, terpenlaus súraldinolía CAS-nr. 68916-84-7, FEMA-nr. 2632, CoE-nr. 141/súraldinkjarnaolía, CoE-nr. 141	Allar tegundir
	<i>Cynara scolymus</i> L.: Ætíþistlatinktúra, CoE-nr. 565	Allar tegundir
	<i>Harpagophytum procumbens</i> DC.: Djöflaklóarkjarni	Allar tegundir
	<i>Hedera helix</i> L.: Útráttur (að stofni til úr vatni) úr bergfléttu	Allar tegundir
	<i>Juniperus communis</i> L.: Olía úr einiberjagreinum, CAS-nr. 8012-917, CoE-nr. 249, Einecs-nr. 283-268-3	Allar tegundir
	<i>Laurus nobilis</i> L.: Lárviðarluftinktúra, CoE-nr. 255	Allar tegundir
	<i>Lavandula angustifolia x latifolia</i> : Lofnarblómaolía	Allar tegundir

Auðkennisnúmer	Aukefni	Dýrategund eða -flokkur
	<i>Matricaria recutita</i> : kjarni	Allar tegundir
	<i>Melissa officinalis</i> L.: Olía úr blöðum af hjartafró, CAS-nr. 8014-71-9, FEMA-nr. 2113, CoE-nr. 280, Einecs-nr. 282-007-0/hjartafrótinktúra, CoE-nr. 280/hjartafrókjarni, CAS-nr. 84082-61-1, FEMA-nr. 2112, CoE-nr. 280, Einecs-nr. 282-007-0	Allar tegundir
	<i>Momordica charantia</i> L.: Beiskjugúrkutinktúra	Allar tegundir
	<i>Olea europaea</i> L.: Ólífukjarni, ólífulaufkjarni	Allar tegundir
	<i>Passiflora edulis</i> Sims. = <i>P. incarnata</i> L.: Útdráttur (að stofni til úr leysi) úr píslaraldinum	Allar tegundir
	<i>Peumus boldus</i> Mol.: Auðnutré, hreint, CoE-nr. 328/auðnutrésólía CoE-nr. 328	Allar tegundir
	<i>Potentilla erecta</i> L. = <i>Potentilla tormentilla</i> Stokes: Engjamurutinktúra, CoE-nr. 493	Allar tegundir
	<i>Quercus robur</i> L., <i>Q. pedunculata</i> Ehrh.: Sumareik, kreósót/kjarni, CAS-nr. 71011-28-4, CoE-nr. 390, Einecs-nr. 275-129-0	Allar tegundir
	<i>Rubus</i> spp., (t.d. <i>Rubus fruticosus</i> L.): Brómberjatinktúra, CoE-nr. 408	Allar tegundir
	<i>Satureja hortensis</i> L.: Sumarsartinktúra, CoE-nr. 425	Allar tegundir
	<i>Tanacetum vulgare</i> L.: Útdráttur (að stofni til úr vatni) úr regnfangi	Allar tegundir
	<i>Taraxacum officinale</i> Wiggers: Fastur útdráttur úr túnfíflsrót, CAS-nr. 68990-74-9, FEMA-nr. 2358, CoE-nr. 447, Einecs-nr. 273-624-6/fastur útdráttur úr túnfíflsblöðum, CoE-nr. 447/fljótandi útdráttur úr túnfífl, CAS-nr. 68990-74-9, FEMA-nr. 2357, CoE-nr. 447, Einecs-nr. 273-624-6	Allar tegundir
	<i>Theobroma cacao</i> L.: Kakókjarni, CAS-nr. 84649-99-0, CoE-nr. 452, Einecs-nr. 283-460-6	Allar tegundir
	<i>Thymus vulgaris</i> L., <i>T. zygis</i> L.: Útdráttur (að stofni til úr vatni) úr garðablöðbergi, CoE-nr. 456/457	Allar tegundir
	<i>Vanilla planifolia</i> G.Jacks. = <i>V. fragrans</i> Salisb.: Vanillutinktúra, CoE-nr. 474	Allar tegundir
	<i>Viburnum prunifolium</i> L.: Sauðarunnatinktúra, CoE-nr. 480	Allar tegundir
	<i>Vitex agnus-castus</i> L.: Munkapiparskjarni	Allar tegundir
	<i>Vitis vinifera</i> L.: Útdráttur (að stofni til úr vatni) úr þrúguhýði, CoE-nr. 485	Allar tegundir
	<i>Yucca mohavensis</i> Sarg. = <i>Y. schidigera</i> Roetzl ex Ortgies: Merkurjúkkukjarni	Allar tegundir
Náttúruleg efni og samsvarandi tilbúin efni		
	CAS-nr. 41453-56-9/nón-2(cis)-en-1-ól/Flavis-nr. 02.112	Allar tegundir
	CAS-nr. 43039-98-1/2-própiónýlþíasól/Flavis-nr. 15.027	Allar tegundir

2. HLUTI

Fóðuruakefni sem skal taka af markaði að því er varðar tilteknar dýrategundir og -flokka

Auðkennisnúmer	Aukefni	Dýrategund eða -flokkur
Sýrustillar		
296	DL- og L-eplasýra	Kettir og hundar
Litgjafar, að meðtöldum litarefnum		
Karótenóíð og xantófýll		
E 161b	Lútín. Öll form, að undanskildum: — lútínauðugum útdrætti úr <i>Tagetes erecta</i> L., sem er leyfður fyrir eldiskjúklinga, aukategundir alifugla til eldis, varphænur og aukategundir alifugla til varps [2a162b] ⁽¹⁾ og fyrir eldiskalkúna [2a161bii] ⁽²⁾ , — lútín-/seaxantínútdráttur úr <i>Tagetes erecta</i> , sem er leyfður fyrir eldiskjúklinga, aukategundir alifugla til eldis, varphænur og aukategundir alifugla til varps [2a161bi] ⁽¹⁾ .	Alifuglar
E 161h	Seaxantín. Öll form, að undanskildum lútín-/seaxantínútdrætti úr <i>Tagetes erecta</i> , sem er leyfður fyrir eldiskjúklinga, aukategundir alifugla til eldis, varphænur og aukategundir alifugla til varps [2a161bi] ⁽¹⁾ .	Alifuglar
Bragðefni og lystaukandi efni		
Náttúruleg efni — grasafraeðilega skilgreind		
	<i>Astragalus membranaceus</i> L. = <i>A. pycnocladus</i> Boiss. et Haussk. ex Boiss.: Græðihnúttutinktúra	Allar dýrategundir að undanskildum hestum, hundum og alifuglum
	<i>Crataegus oxyacantha</i> L.p.p. et auct.: Snæþýrnistinktúra, CoE-nr. 156	Allar dýrategundir að undanskildum hestum og hundum
	<i>Echinacea angustifolia</i> DC: Róðasólhattarkjarni	Kettir og hundar
	<i>Echinacea purpurea</i> (L.) Moench.: Sólhattarkjarni	Kettir og hundar
	<i>Garcinia cambogia</i> Desrouss: Tinktúra úr <i>Garcinia cambogia</i>	Kettir og hundar
	<i>Gymnostemma pentaphyllum</i> Makino: Tinktúra úr <i>Gymnostemma pentaphyllum</i>	Allar dýrategundir að undanskildum hestum og hundum
	<i>Hedera helix</i> L.: Útdráttur (að stofni til úr leysi) úr bergfléttu	Eldiskjúklingar, eldiskalkúnar, varphænur, laxfiskar og skrautfiskar

(1) Fóðuruakefnið var leyft með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1097 frá 24. júlí 2020 um leyfi fyrir lútínauðugum útdrætti og lútín-/seaxantínútdrætti úr *Tagetes erecta* sem fóðuruakefni fyrir alifugla (að undanskildum kalkúnum) til eldis og til varps og fyrir aukategundir alifugla til eldis og til varps (Stjtið. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 23, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/1097/oj).

(2) Fóðuruakefnið var leyft með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1928 frá 25. september 2025 um leyfi fyrir blöndu með lútínauðugum útdrætti úr *Tagetes erecta* L. sem fóðuruakefni fyrir eldiskalkúna (Stjtið. ESB L, 2025/1928, 26.9.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/1928/oj).

Auðkennisnúmer	Aukefni	Dýrategund eða -flokkur
	<i>Humulus lupulus</i> L.: Humlatinktúra, CoE-nr. 233	Allar dýrategundir að undanskildum hestum
	<i>Paeonia lactiflora</i> Pall. = <i>P. albiflora</i> Pall.: Tinktúra úr silkibóndarós	Allar dýrategundir að undanskildum hestum og hundum
	<i>Thea sinensis</i> L. = <i>Camellia thea</i> Link. = <i>Camellia sinensis</i> (L.) O. Kuntze: Teúdráttur (að stofni til úr leysi), CAS-nr. 84650-60-2, CoE-nr. 451, Einecs-nr. 283-519-7	Allar dýrategundir að undanskildum köttum og hundum
	<i>Thymus vulgaris</i> L., <i>T. zygis</i> L.: Útdráttur (að stofni til úr leysi) úr garðablóðbergi, CoE-nr. 456/457	Eldiskjúklingar, eldiskalkúnar, varphænur, spenagrisir, eldissvín, mjólkandi gyltur, mjólkurkýr, laxfiskar og skrautfiskar
	<i>Vaccinium myrtillus</i> L.: Aðalbláberjatinktúra, CoE-nr. 469	Allar dýrategundir að undanskildum hestum, hundum og alifuglum
	<i>Withania somnifera</i> (L.) Dunal. = <i>Physalis somnifera</i> Link: Ashwagandha-tinktúra	Allar dýrategundir að undanskildum hestum og hundum

Náttúruleg efni og samsvarandi tilbúin efni

	CAS-nr. 3188-00-9/4,5-díhýdró-2-metýlfúran-3(2H)-ón/Flavis-nr. 13.042	Allar gæludýrategundir að undanskildum köttum og hundum
	CAS-nr. 3658-77-3/4-hýdroxý-2,5-dímetýlfúran-3(2H)-ón/Flavis-nr. 13.010	Allar gæludýrategundir að undanskildum köttum og hundum

KAFLI I.B.

Fóðuraukefni sem eru leyfð með tímamörkum

Auðkennisnúmer	Aukefni	Dýrategund eða -flokkur
Ensím		
28	3-fýtasi EC 3.1.3.8 sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (CBS 528.94)	Eldiskalkúnar, gyltur
11	Endó-1,4-betaglúkanasi EC 3.2.1.4, endó-1,3(4)-betaglúkanasi EC 3.2.1.6 og endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8 sem eru framleiddir með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 74 252)	Endur
24	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8 og endó-1,3(4)-betaglúkanasi EC 3.2.1.6 sem eru framleiddir með <i>Aspergillus niger</i> (CNCM 25541).	Eldiskalkúnar

Auðkennisnúmer	Aukefni	Dýrategund eða -flokkur
59	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8 sem er framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), endó-1,3(4)-betaglúkanasi EC 3.2.1.6 og alfaamýlasi EB 3.2.1.1 sem er framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553), súbtilisín EC 3.4.21.62 sem er framleitt með <i>Bacillus subtilis</i> (ATCC 2107), pólýgalaktúrónasi EC 3.2.1.15 sem er framleiddur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94)	Eldiskalkúnar
Örverur		
12	<i>Lactobacillus farciminis</i> CNCM MA 67/4R	Varphænur